

Nd.

### **210. Frumvarp**

til laga um sölu á eggjum eftir þyngd.

Eftir 3. umr. i Ed.

1. gr.

Allir, sem egg selja, hvort heldur framleiðendur eða kaupmenn, skulu selja eggin eftir þyngd, þannig að verðið sje miðað við þyngdina, nema kaupandi og seljandi komi sjer saman um sölu eftir tölu.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum 5 til 50 kr., er renna i landssjóð.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal með fara sem almennu lög-reglumál.